

Nd.

375. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar á nokkrum fundum og m. a. rætt við þá dr. Jóhannes Nordal, formann Landsvirkjunar, og Eirík Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar.

Frv. er flutt til staðfestingar á viðaukasamningi við Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík. Í samningnum eru fólgin tvö meginatriði. Annars vegar er samið um, að stækkun verksmiðjunnar verði hraðað, þannig að henni verði lokið á árinu 1972 í stað 1975. Hins vegar, að hún verði stækkuð að  $\frac{1}{6}$  hluta frá því, sem ákveðið var, og að þeirri stækkun verði lokið í júlímánuði n.k.

Alkunnugt er, að hagkvæmni stórvirkjunar er að verulegu leyti háð því skilyrði, að hægt sé að selja verulegan hluta rafmagnsframleiðslunnar fljótlega eftir að virkjunarframkvæmdum er lokið.

Í þessu sambandi hefur m. a. verið upplýst, að meðalkostnaðarverð á raforku frá Búrfelli verði nú í ár 47.4 aurar á selda kwst. með ráðgerðri sölu til ÍSAL, en hefði orðið 224 aurar, ef aðeins væri seld orka til eigin þarfa landsmanna. Með ráðgerðri sölu til ÍSAL er áætlað, að meðalkostnaðarverð verði á árinu 1977 komið niður í 20.1 eyri, en án sölu til ÍSAL hefði það orðið 52.5 aurar á því ári.

Þessar tölur sýna svo glögg sem verða má, hvað hér er um að ræða. Ekki ætti að vera hægt að villa um fyrir neinum um það, að upprunalegi orkusölusamningurinn var hagkvæmur, og augljóst er, að hröðun framkvæmda og ný stækkun verksmiðjunnar gerir góðan samning betri.

Þá má einnig benda á, að orkusölusamningnum og þessum viðauka hans fylgir margs konar óbeinn hagnaður. Eftir viðaukann er nú áætlað, að framleiðslugjald af álframleiðsluunni muni nema um 4000 millj. kr. á næstu 25 árum, miðað við óbreytt verðlag á áli, sem þó er sennilegt að fari hækkandi.

Enn eru þó ótaldar hinar miklu launatekjur þjóðarinnar við mannvirkjagerð, oft talsvert á annað þúsund manns í hinu erfiða árferði að undanfögnu og eftir hröðun framkvæmda og stækkun verksmiðju um 500 manns við framleiðslustörf. Hér við má bæta margvíslegri innlendri þjónustu við þetta stóra fyrirtæki, hagnaði Hafnfirðinga af Straumsvíkurhöfn, útflutningi framleiðslunnar með íslenskum skipum o. fl.

Orkusölusamningurinn, sem er undirstaða alls þessa, var á sínum tíma samþykktur af stjórnarflokkunum gegn harðri andstöðu stjórnarandstöðunnar. Væntanlega hafa nú fleiri þingmenn áttað sig á eðli málsins.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1970.

Sigurður Ingimundarson,  
form., frsm.

Pétur Sigurðsson,  
fundaskr.

Matthías Á. Mathiesen.

Pálmi Jónsson.